

Þriðjudagur 4. júlí



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Freddi og félagar (18)**. Þýsk teiknimynd. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
- 18.15 **Ævintýri Nikós (1)** (Adventure of Niko). Breskur myndaflokkur fyrir börn í sex þáttum. Munaðarlaus, grískur piltur býr hjá fátækum ættingjum sínum og neytir ýmissa bragða til þess að komast að heiman. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 18.45 **Táknmalfréttir**.
- 18.55 **Fagri-Blakkur**. Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.20 **Leðurblöskumaðurinn (Batman)**. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
- 19.50 **Tommi og Jenni**.
- 20.00 **Fréttir og veður**.
- 20.30 **Nýjasta tækni og vísindi**. Umsjónarmaður Sigurður Richter.
- 21.05 **Blátt blóð (Blue Blood)**. Spennumyndaflokkur gerður í samvinnu bandarískra og evrópskra sjónvarpsstöðva. Aðalhlutverk Albert Fortell, Ursula Karven og Capucine. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 22.00 **Byltingin í Frakklandi (The French Revolution)** - 1. þáttur - Frelsísdraumar. Nýr, breskur heimildarmyndaflokkur í fjórum þáttum um frönsku stjórnarbyltinguna og áhrif hennar. Þessi þáttur er gerður í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá upphafi byltingarinnar. Þýðandi Jón O. Edwald.
- 23.00 **Ellefurfréttir og dagskrárlok**.



- 16.45 **Santa Barbara**.
- 17.30 **Byltingur**. Tónlistarþáttur.
- 18.00 **Elsku Hobo**. The Littlest Hobo. Framhaldsmynd fyrir unga sem aldna um stóra fallega hundinn Hobo og ævintýri hans.
- 18.25 **Íslandsmótöð í knattspyrnu**.
- 19.19 **19:19**. Fréttatvöngur ásamt fréttatengdu efni, íþróttum og veðri.
- 20.00 **Alf á Melmac**. Einstök teiknimynd með íslensku tali fyrir alla fjölskylduna.
- 20.30 **Visa-sport**. Léttur og skemmtilegur, blandaður íþróttarþáttur með svipmyndum frá öllum heimshornum. Umsjón: Heimir Karlsson.
- 21.25 **Óvænt endalok**. Tales of the Unexpected. Spennuþættir með mjög svo óvæntum endalokum.
- 21.55 **Fórnarlambið**. Sorry, Wrong number. Sigild svart/hvít spennumynd í leikstjórn Anatole Litvak.
- 23.20 **Heiðar frá Navarone**. Force Ten From Navarone. Myndin er byggð á samnefndri sögu Alistair McLean. Aðalhlutverk: Harrison Ford, Barbara Bach og Robert Shaw.
- 1.05 **Dagskrárlok**.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir**. Bæn, séra Valgeir Ástráðsson flytur.
- 7.00 **Fréttir**.
- 7.03 **Í morgunsárið**. með Edward Frederiksen.
- 9.00 **Fréttir**.
- 9.03 **Litli barnatíminn**. Músín í Sunnuhlöð og vinir hennar eftir Margrét E. Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les sögukl. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi**. með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn** - Frá Vestfirðum. Umsjón: Finnþogi Hermannsson.
- 10.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir**.
- 10.30 **Ég man þá tíð**. Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
- 11.00 **Fréttir**.
- 11.03 **Samhljómur**. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Katarína Óladóttir leikur á fiðlu. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Veðurfregnir**. Tilkynningar. Tónlist.

- 13.05 **Í dagsins önn** - Gengið um Suðurnes. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan**: Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (13.)
- 14.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 14.05 **Eftirlætislostin**. Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Harald Sigurðsson (Halla) sem velur eftirlætislostin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir**.
- 15.03 **Með mannabein í maganum...** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Ty. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
- 16.00 **Fréttir**.
- 16.03 **Dagbókin, dagskrá**.
- 16.15 **Veðurfregnir**.
- 16.20 **Barnaútvarpið** - Allt er stórt í Ameríku. Barnaútvarpið fjallar um daglegt líf í Bandaríkjunum. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
- 17.00 **Fréttir**.
- 17.03 **Tónlist á síðdeggi**. - Mormónakórinn í Utah syngur þrjú bandarísk lög. - Sinfónískir dansar úr West Side Story eftir Leonard Bernstein.
- 18.00 **Fréttir**.
- 18.03 **Að utan**. Fréttarþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 3.00.) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir**. Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.30 **Tilkynningar**.
- 19.32 **Kviksjá**. Umsjón: Freyr Þorðarsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn**. Músín í Sunnuhlöð og vinir hennar eftir Margrét E. Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les sögukl. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Söngur og píano**.
- 21.00 **Læknir og baráttukona**. Bergljót Baldursdóttir ræðir við Helen Callicott. (Endurtekinn úr þáttaröðinni í dagsins önn.)
- 21.30 **Útvarpsagan**: Valla-Ljós saga. Gunnar Stefánsson les seinni hluta.
- 22.00 **Fréttir**.
- 22.07 **Að utan**. Fréttarþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfregnir**. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Leikrit vikunnar**: Draugaskip leggur að landi eftir Bernhard Borge. Framhaldsleikrit í fimm þáttum. Fimmti og síðasti þáttur: Afturgöngurnar. Útvarpsleikgerð: Egil Lundmo. Þýðandi: Margrét E. Jónsdóttir. Tónlist: Smundur Feidje. Leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson. Leikendur: Halldór Björnsson, Eggert Þorleifsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Guðbjörg Thoroddsen, Valgeir Skagfjörð, Hallmar Sigurðsson, Steindór Hjörleifsson og Sigurður Karlsson.
- 23.15 **Tónskáldatími**. Guðmundur Emilsson kynnir íslenska samtimatónlist.
- 24.00 **Fréttir**.
- 00.10 **Samhljómur**. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Katarína Óladóttir leikur á fiðlu. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfregnir**.
- 01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**.



- 7.03 **Morgunútvarpið**.
- 9.03 **Morgunskyrra**. Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Áfmæliskveður kl. 10.30. Sérparföng með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu**. með Gestu Einar Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
- 14.03 **Milli mála**. Árni Magnússon á útklikki og leikur nýju lögin. Veðið hornið rétt fyrir fjögur.
- 16.03 **Dagskrá**. Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. - Kaffisjall og innlit upp úr kl. 16.00. - Auður Haralds talar frá Róm. - Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin**. Þjóðfundur í beinni útsendingu.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.32 **Áfram Ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins**. Við

- hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Atli Rafn Sigurðsson.
- 22.07 **Bláar nótur**. Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
- 01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**. Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bitíð kl. 6.01.)
- 02.00 **Fréttir**.
- 02.05 **Ljúflingslög**. Endurtekinn þáttur frá fostudegi á rás 1 í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur.
- 03.00 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1-kl. 18.10.)
- 03.20 **Rómantíski róðótinn**.
- 04.00 **Fréttir**.
- 04.05 **Glefsur**. Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
- 04.30 **Veðurfregnir**.
- 04.35 **Næturnótur**.
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum**.
- 05.01 **Áfram Ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum**.
- 06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar. Tryggvadóttir á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00.



- 7.00 **Borgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir**. Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson**. Óskalogin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sinum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis**. Hvað finnst þér? Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dýranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþróður Karlisdóttir.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**. Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 **Sigursteinn Másson**. Ný og góð tónlist, kveður og óskalog.
- 24.00 **Næturdagskrá**. Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Borgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 9.00 **Margrét Hrafnisdóttir**. Leikur, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Margrét leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalogum hlustenda til skila.
- 14.00 **Bjarni Haukur Þórsson**. Stjórnar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikur. Róleg tónlist kl. 18.10-19.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**. Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 **Sigursteinn Másson**. Ný og góð tónlist, kveður og óskalog.
- 24.00 **Næturstjörnur**. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 **Rótartónar**.
- 11.00 **Ferill og „FAN“**. Tónlistarþáttur E.
- 12.30 **Rótartónar**.
- 13.30 **Kvennautvarpið**. E.
- 14.30 **Í hreinskilni sagt**. E.
- 15.30 **Laust**.
- 16.30 **Umrót**. Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Samtökt græningja**.
- 17.30 **Laust**.
- 18.30 **Mormónar**.

- 19.00 **Yfir höfuð**. Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
- 20.00 **Fés**. Unglingabáttur. Kalli og Kalli.
- 21.00 **Goðsögnin um G.G. Gunn**. Tónlist, leikþættir, sögur o.fl. á vegum Gísla Þórs Gunnarssonar.
- 22.00 **Við við viðtækið**. Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
- 23.30 **Rótarður**. Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt**.



- 14.00 **Orð Guðs til þín**. Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
- 15.00 **Blessandi boðskapur í margvislegum tónum**.
- 24.00 **Dagskrárlok**.



- 7.00 **Hörður Arnarson**.
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson**.
- 13.00 **Hörður Arnarson**.
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson**.
- 19.00 **Anna Þorláks/Steinunn Halldórsdóttir**.
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson**. 1.00 - 7 Páll Sævar Guðjónsson.



- 4.30 **Viðskiptaþáttur**.
- 5.00 **The DJ Kat Show**. Barnaþáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri**. Spurningaþáttur.
- 9.00 **The Sullivans**. Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day**. Fréttarþáttur.
- 10.30 **A Problem Shared**. Fræðsluþáttur.
- 11.00 **Another World**. Sápúopera.
- 11.55 **General Hospital**. Framhaldsflokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns**. Sápúopera.
- 13.45 **Loving**.
- 14.15 **The Lucy Show**. Gamanþáttur.
- 14.45 **The Littles**. Teiknimyndasería.
- 15.00 **Poppþáttur**.
- 16.00 **The Young Doctors**.
- 16.30 **Three's Company**. Gamanþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search**. Hæfileikaþætti.
- 18.00 **Sale of the Century**. Spurningaleikur.
- 18.30 **Veröld Frank Bough's**. Fræðsluþáttur.
- 19.30 **War between Men and Women**. Kvikmynd.
- 21.30 **Jameson Tonight**. Rabbþáttur.
- 22.30 **Gemini Man**. Spennumyndaflokkur.



- 15.00 **Tora Tora Tora**.
- 17.30 **To Be or Not to Be**.
- 19.20 **High Anxiety**.
- 21.00 **Once Upon a Time in America**.
- 00.50 **Wild in the Streets**.



- 9.30 **Bílasport**. Shell International Motor Sport.
- 10.30 **Hjólreiðar**. Tour de France.
- 11.30 **Eurosport - What a Week!** Litíð á viðvörðliðinnar viku.
- 12.30 **Frjalsar íþróttir**. Alþjóðamat í Stokkhólmi.
- 14.00 **Box**. Ali gegn Ken Norton.
- 15.00 **Hjólreiðar**. Tour de France.
- 15.30 **Íþróttakynning Eurosport**.
- 17.00 **Frjalsar íþróttir**. Frá keppni í Stokkhólmi.
- 18.00 **Hjólreiðar**. Tour de France.
- 19.00 **Golf**. Svipmyndir frá US Masters.
- 20.00 **Vélhjólaakstur**. Frá Grand Prix keppni í Belgíu.
- 21.00 **Rugby**. Nýja Sjáland gegn Frakklandi.
- 22.30 **Hjólreiðar**. Tour de France.



- 13.30 **Nino Fretto**. Tónlistarþáttur.
- 14.30 **Hotline**.
- 16.30 **Tracking**. Tónlist og viðtöl.
- 17.30 **Richard Diamond**. Sakamálmundaflokkur.
- 18.00 **Íþróttir**.
- 19.50 **Fréttir og veður**.
- 20.00 **Kórfubolti**. Úrslitakeppni í NBA.
- 22.00 **Fréttir, veður og popptónlist**.

Rás 1 kl. 22.30:

Leikrit vikunnar:
Draugaskip
leggur að landi


Lokaþáttur framhaldsleikritsins Draugaskip leggur að landi, eftir Bernhard Borge, verður fluttur á rás 1 í kvöld.

Í fjórða þætti tókst einkaspæjaranum Tancred að upplýsa að „draugagangurinn“ í gula herberginu væri af manna völdum. Á bak við stóran spegil fann hann leynigöng sem lágu niður að bryggjunni.

Monica komst einnig að því að miðaldafræðingurinn Pahle er djöfladýrkandi og hættulegur maður þar af leiðandi. Engin skýring hefur þó fengist á því hvaða skip það er sem menn hafa séð lóna úti fyrir ströndinni að næturlagi.

Það ætti hins vegar allt að skýrast í kvöld.

Þýðandi verksins er Margrét E. Jónsdóttir og leikstjóri er Karl Ágúst Úlfsson. Leikendur í þessum



Karl Ágúst Úlfsson stjórnar leikriti vikunnar á rás 1. Síðasti þáttur þess verður fluttur í kvöld.

síðasta þættu eru Halldór Björnsson, Eggert Þorleifsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Guðbjörg Thoroddsen, Valgeir Skagfjörð, Margrét E. Jónsdóttir og leikstjóri er Karl Ágúst Úlfsson. Leikendur í þessum



Hið sólríka Grikkland er söguvið nýrra þátta fyrir börn í Sjónvarpinu.

Sjónvarpið kl. 18.15:

Ævintýri Nikós

Sjónvarpið sýnir í dag fyrsta þáttinn í nýjum myndaflokki fyrir börn á aldrinum 8-13 ára. Sögurnar gerast á hinum sólríku eyjum undan ströndum Grikklands en þangað fóru kvikmyndagerðarmennirnir til að mynda.

Níko er munaðarleysingi sem býr í litlu fjallaþorpi með skapvondum frænda sínum og dóttur hans, henni Katerínu. Níko litli gætir geita frænda síns allan liðlangan daginn en er samt þeirrar skoðunar að hann eigi eitthvað betra skilið.

Pilturinn tekur þá upp á því að ímynda sér alls kyns ævintýri til að léttja sér óþægileg þyngslilíverunna. Hann gengur m.a. í flokk glæpamanna, er milligöngumaður um hjónabönd og reynir sig við leiklist. Öll enda ævintýri drengsins með ósköpum en hann brosir þó alltaf sínu breiðasta því Níko er mikill bjartsýnspiltur.

Þættir þessir hafa krækt sér í mörg verðlaun og voru ákaflega vinsælir þegar þeir voru sýndir í breska sjónvarpinu.

-gb

Sjónvarpið kl. 22.00:

Franska byltingin

Fyrir tveimur öldum stormaði múgurinn í París hið illræmda Bastillufangelsi og reif það til grunna. Það var upphafið að frönsku stjórnarbyltingunni sem leiddi síðan til falls konungsveldisins þar í landi. Frakkar ætla að halda upp á þetta merkisafmæli í sumar með pomp og prakt.

Breska sjónvarpið, BBC, hefur látið gera fjóra fimmtíu mínútna þætti um byltinguna og verður sá fyrsti frumsýndur í kvöld í Sjónvarpinu. Í þáttum þessum verður litið á frönsku byltinguna frá öllum hliðum og reynt að gera hana aðgengilega hinum venjulega manni. Fjallað verður um goðsögnina sem bylting þessi er óneitanlega orðin, um konungsveldið, óttann við fallöxina og áhrif þess



Frönsku kóngarnir bjuggu í Versölum áður en konungdæmið var aflagt fyrir tveimur öldum.

ara atburða í París á umheiminn. Höfundar þáttanna studdust við nýjar sögugrannsóknir í Frakklandi við gerð þeirra. Í fyrsta þættinum verður fjallað um byltinguna sem göðsögu og þeirri spurningu m.a. varpað fram hvort með henni hafi almúginn í raun létt af sér oki kúgunar og harðstjórnar.

-gb